

## LÖG

## um breytingu á lögum um lögskráningu sjómanna, nr. 43/1987.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr töluliður, 7. tölul., sem orðast svo:

7. Yfirlýsingu um að skipverji hafi hlotið öryggisfræðslu í Slysavarnaskóla sjómanna eða með öðrum sambærilegum hætti. Skipstjórnarmenn skulu hafa fullnægt ákvæði þessu fyrir 31. desember 1995 en aðrir skipverjar eigi síðar en 31. desember 1996. Veita má skipverja, sem skráður er í fyrsta sinn, tólf mánaða frest til að fullnægja þessu ákvæði.

## 2. gr.

Við 7. gr. bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Samgönguráðherra er heimilt með reglugerð að setja það skilyrði fyrir lögskráningu nýliða um borð í skipum að þeir hafi lokið námi fyrir nýliða með fullnægjandi hætti. Samgönguráðherra skal hafa samráð við samtök sjómanna og útgerðarmanna um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. mars 1994.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*

## FORSETAÚRSKURÐUR

## um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Brussel, Genf og New York, og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra sem nefndar eru í 1. lið hér að framan skulu vera sem hér segir: